

Eystrahorn

12. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 28. mars 2019

www.eystrahorn.is

Aðalfundur Félags eldri Hornfirðinga afstaðinn

Aðalfundur Félags eldri Hornfirðinga var haldinn sl. sunnudag. Fram kom að starfið hefur gengið vel margoð í boði til afþreyingar fyrir félagsmenn í fjölbreyttu félagsstarfi. Á fundinum var samþykkt endurnýjun á merki félagsins og ályktun um viðbyggingu við Skjólgarð svohljóðandi: Aðalfundur FeH fagnar því að stjórnvöld og sveitarfélagið hafa samþykkt byggingu á nýju hjúkrunarheimili við Skjólgarð. Það er von okkar að sú framkvæmd megi ganga hratt og örugglega fyrir sig. Framkvæmdin eykur öryggi eldra fólks sem búsett er í sveitarfélaginu. Ályktunin var send bæjarstjóra. Á döfinni hjá félaginu er m.a.: smíða minigolf, haustferð og málþing um hvernig er að eldast í sveitarfélaginu auk áframhaldandi öflugt félagstarf sem að flestir eldri Hornfirðingar ættu að kynna sér. Nýverið gaf Landsamband eldri borgara út Afsláttarbók 2019, í henni er að finna mörg fyrirtæki sem gefa afslætti, m.a. eru 11 fyrirtæki á Hornafirði. Til að njóta afsláttar þarf að vera félagi í félagi eldri borgara.



Félagsmenn í FeH eru um 160. Í stjórn félagsins eru: Haukur H. Þorvaldsson form. Lucía Óskarsdóttir gjaldkeri-Sigurður Hannesson ritari og varaform. Katrín Ó. Jónsdóttir - Kristín Einarsdóttir - Svava Kristbjörg Guðmundsdóttir og Hafdís Gunnarsdóttir.

Stjórnin hvetur alla 60 ára + að kynna sér starfsemi félagsins sem fram fer að mestu í félagsmiðstöð félagsins í Ekru.

Tilfuga stjórnar að endurnýjuðu merki FEH borin upp á aðalfundi félagsins 2019



Syngjandi konur í kirkjum

Eins og Hornfirðingar eflaust vita átti Kvinnakór Hornafjarðar 20 ára afmæli á síðasta söngári. Vorum við kórkonur duglegar að halda upp á afmælið og héldum m.a. vortónleika á Hafinu (þar var met aðsókn og þurfti að kippa inn sólhúsgögnum og öðru lauslegu úr nærliggjandi gördum svo fólk gæti setið og dugði ekki til), við fórum í söngferð til Vopnafjarðar (sungum í Egilsstaðakirkju í leiðinni, sem betur fer voru nógu mörg sæti þar svo við lentum ekki í neinum vandræðum) og svo voru öll félagsheimili sýslunnar þrædd þar sem við sungum af lífi og sál fyrir gesti og gangandi. Þetta var mjög gaman og mjög vel heppnað og voru gestirnir okkar ánægðir með uppátækið. Við höfum því ákveðið að endurtaka leikinn og nú ætlum við að syngja í öllum kirkjum sýslunnar laugardaginn 6. apríl. Hér fyrir neðan má sjá ferðaáætlun kórsins og eru allir sem vettlingi geta valdið hvattir til að koma, hlusta og njóta.


Stafafellskirkja	kl. 10:00
Kaþólska kirkjan	kl. 11:00
Hvítasunnukirkjan	kl. 11:30
Hafnarkirkja	kl. 12:00
Bjarnaneskirkja	kl. 14:00

Hoffellskirkja	kl. 14:45
Brunnhólskirkja	kl. 15:30
Kálfafellsstaðarkirkja	kl. 17:30
Hofskirkja	kl. 19:00



Erna og Styrgerður

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



Hafnarkirkja
Sunnudaginn 31. mars
Helgistund á föstu kl. 11:00
Notaleg stund þar sem lesið verður
meðal annars úr passíusálmunum.
Allir velkomnir

Prestarnir



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við
andlát og útför bróður okkar og mágs

**Baldurs Jónssonar
frá Smyrlabjörgum**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á
Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði, Höfn.



*Þóra Guðleif Jónsdóttir
Þorbjörg Jónsdóttir
Snorri Jónsson - Torfildur Ólafsdóttir
Þórarinn Gunnarsson.*



Þakkir


Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og
hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns,
föður, tengaföður, afa og langafa

**Ásbjörns Þórarinssonar
Rakara**

*Vigdís Halldóra Vigfúsdóttir
Sonja Guðrún Ásbjörnsdóttir - Ingi Þór Sigurgeirsson
Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson - Fjóra Hrafnkelsdóttir
Birnir Vilhelm Ásbjörnsson - Silja Gylfadóttir
barnabörn og barnabarnabörn*



Aðalfundur Slysavarnadeildarinnar Framtíðar
verður haldinn í húsi félagsins
fimmtudaginn 4. apríl kl 19:00
Venjuleg aðalfundar störf
Boðið verður upp á léttar veitingar.
Nýir félagir ávallt velkomnir



Stjórn Framtíðar



**FÉLAGSSTARF
FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA**

SAMVERUSTUND föstudaginn 29. mars. kl. 17:00.
Valgerður Reykjalin sýnir okkur myndir frá Afríku og
fleiri fábærum stöðum. Sjáumst.

SPILABINGÓ laugardaginn 30. mars kl. 14:00
Kostar 1500 kr. Innifalin 16 spil sem jafngilda
2 bingókortum.
GÓDIR VINNINGAR! Ekki missa af þessu !

RJÓMAVÖFFLUBALL sunnudaginn 31. mars kl. 16:00
EKRUBANDIÐ og HILMAR OG FUGLARNIR SPILA.
MÆTIÐ NÚ VEL ! 500 KR. INN.

MUNIÐ BADMINTONIÐ Í ÍPRÓTTAHÚSINU Á
MIÐVIKUDÖGUM KL. 12.00



HÓTEL HÖFN

Starfsmaður óskast í Pizzu

Um er að ræða hlutastarf í
pizzu eldhúsi Hótel Hófn
og Óssins.

Starfið felur í sér útkeyrslu,
bakstur og almenn þrif.

Hæfniskröfur:

- * Stundvís og góð framkoma
- * Sjálfstæð vinnubrögð
- * Reglusemi og snyrtimennska
- * Bílpróf

Umsókn skal skilað inn ásamt ferilskrá
á info@hotelhofn.is



Eystrahorn
Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126



VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Sími: 588-4477 • www.valholl.is
Hömafjörður - Reykjavík - Snæfellsnes
Snorri Snorrason Eiggiltur fasteignasali
Sími: 478-2000 / 895-2115 • snorri@valholl.is

Snorri Snorrason
lögg. fasteignasali
Sími: 478-2000
GSM: 895-2115
snorri@valholl.is




KIRKJUBRAUT 42, HÖFN
Gott og vel byggt 129,8 m²
einbýlishús ásamt 34,4 m²
bílskúr, samtals 164,2m².
Stór og góð verönd út frá
stofu, mikið endurnýjað hús
t.d. eldhús, baðherbergi,
gólfefni ofl.

**Ópið hús sunnudaginn
31. mars kl. 17:00 til 17:30**



MIÐTÚN 11, HÖFN
Fallegt og vandað 135,3 m²
einbýlishús ásamt 30,0 m²
bílskúr, samtals 166,1m².
Stórt miðrymi með kamínu
og stór verönd út frá
stofu. Skjólgóður og mikið
ræktaður garður.



**VERÐ Á HÖFN
FÖSTUDAGINN
30. MARS TIL
2. APRÍL**

Tek að mér að verðmeta
fyrir endurfjármögnun.
Vantar eignir á skrá.
Velkomið að hafa samband
Snorri Snorrason lfs



Sumar – Humar tónleikar í Sindrabæ laugardaginn 30 mars kl. 12:00



Lúðrasveit Hornafjarðar og Lúðrasveit Tónskála A-Skaft. verða með frábæra tónleika þar sem allskonar tónlist verður spiluð.

Boðið verður upp á humarsúpu með tónlistarveislunni.

Aðgangseyrir er kr. 2500 - frítt fyrir 12 ára og yngri.



FERMINGARTILBOÐ

Rúm

verð frá 89.400kr dýnuhlíf fylgir með.

Vorum að fá nýja sendingu af fallegum

grænum og

blómstrandi

pottablómum

Verið velkomin

HúsgagnaVal

Símar: 478-2535 / 898-3664

Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00

Aðalfundur Umhverfissamtaka Austur Skaftafellssýslu verður haldinn í Gömlubúð, **þriðjudaginn 9. apríl kl. 17.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Umhverfissamtakanna

 **Frumherji**

Bifreiðaskoðun á Höfn

8., 9. og 10. apríl.

Tímamantani í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 5. apríl. Næsta skoðun 13., 14. og 15. maí.

Frumherji

þegar vel er skoðað

Blakdeildin með silfur og brons á Íslandsmóti

Helgina 16. og 17. mars léku kvenna- og karlalið Blakdeildar Sindra til úrslita í deildakeppni Blaksambands Íslands en bæði liðin spiluðu í 3. deild þetta árið. Deildakeppnin er leikin í tveimur túrningum yfir veturinn og að þeim loknum raðast liðin í A og B úrslit. Úrslitakeppnin fer svo fram í þriðju og síðustu túrningunni.

Það er skemmt frá því að segja að bæði liðin stóðu sig vel. Kvennaliðið endaði í 2. sæti og fer upp í 2. deild á næsta keppnistímabili og karlaliðið tók bronsið og leikur áfram í 3. deild.



Á myndina vantar Matthildi Ásmundardóttur og Þórgunni Torfadóttur.

Aðalfundur NAUST Náttúruverndarsamtaka Austurlands

Aðalfundur NAUST verður haldinn í Hótel Héraði
5. apríl. Húsið opnar kl 18:30.
~ ATH breyttan fundarstað ~

Venjuleg aðalfundarstörf ásamt
fróðlegum fyrirlestrum

Veitingar í boði

Dagskrá á nattaust.is

Aðalfundur

Aðalfundur Ferðafélags Austur-Skaftfellinga verður haldinn í fundarsal Gömlubúðar **þriðjudaginn 9. apríl 2019 kl. 20,00**



Venjuleg aðalfundarstörf.

Allir velkomnir

Stjórnin.

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ Á HORNAFIRÐI

Stóra vinnuvélanámskeiðið byrjar á Hornafirði föstudaginn 5. apríl kl. 16:00.

Námskeiðið veitir rétt til próftöku á allar gerðir vinnuvéla og krana.

Upplýsingar og skráning í 893-3652 eða palloa@simnet.is

**Ökuskóli
Austurlands**





Vegna breyttra aðstæðna eigenda er húsnæðið Hafnarbraut 11, Gamla sundlaugin til sölu eða leigu. Húsið býður uppá óteljandi möguleika, staðsetningin frábær og hefur húsnæðið reynst eigendum vel. Til stendur að loka versluninni nú á vordögum en hún mun vera opin frá kl. 13-17 fram að þeim tíma. Urta Islandica þakkar góðar viðtökur fyrirtækisins á Höfn og vonast til að finna nýja eigendur að húsnæðinu sem fyrst.

Hægt er að koma og kíkja á eignina á opnunartíma verslunarinnar.

“Gamla sundlaugin á Höfn í Hornafirði”.

Valhöll fasteignasala Síðumúla 27, Sími: 588-4477 og Snorri Snorrason. Lg.fs. Sími: 895-2115 eða snorri@valholl.is, kynna til sölu Hafnarbraut 11 á Höfn í Hornafirði.

Ásett verð: 28.000.000

- Brunabótamat: 83.250.000 kr.
- Fasteignamat: 13.830.000 kr.
- 322,4 m²
- Byggt 1955
- 4 herbergi
- 2 baðherbergi

Húsið er skráð safn en var byggt sem sundlaug árið 1955 skv Fasteignaskrá Íslands. Húsið er skráð 322,4 m² og skiptist í 105,1 m² hæð, 3,7 m² stigahús og 213,6 m² kjallara.

Sundlaugarkarið er 75 m². eða 12,5 m á lengd og 6m á breidd. Húsið er U laga, með forstofu og afgreiðslu í miðju, 2 salir til hvorrar hliðar. Innveggir eru ýmist steiptir eða hlaðnir með lakkmalningu eða flísum.

Lýsing: Forstofa, steinateppi á gólfi. Afgreiðsla, flísar á gólfi, skápur. Salir, steinateppi á gólfum. Salur 1: Starfsmannaeldhús, salerni með hvítum hreinlætistækjum, ræsting. Framleiðsla og pökkunarrými með nýrri eldhúseiningu með tvöföldum vaski og góðum blöndunartækjum, tvær handlaugar. Uppfyllir kröfur Heilbrigðiseftirlits fyrir matvælaframleiðslu. Bil aðgreind með glerhurðum. Salur 2: verslunarrými, salerni, rými með nýrri eldhúseiningu með tvöföldum vaski og blöndunartækjum. (útihurð orðin léleg í rými með eldhúseiningu).

Úr einum sal er gengið í gegnum ófrágengið hurðargat á steinvegg í stigahús niður í kjallara. Kjallarinn skiptist í nokkur rými og það er lagnakjallari í kring um sundlaugarkarið.

Nýtt stigahús var byggt sem inngangur í kjallarann árið 2014. Kjallarinn er ómúraður með steypu gólfi, lofthæð um 2,8 m, í sundlaugargarði eru eldri pottar. Sundlaugarkarið er steipt og dúklagt.

Að utan er húsið er múrhúðað á þeim hliðum sem snúa út að götu og bílastæði en timburklæddar hliðar sem snúa inn í garðinn. Þakjárn var endurnýjað árið 2002.

Garðurinn er hellulagður og steiptur og umgirtur hárrí girðingu með steiptum undirstöðum.

Mikið af lögnum fyrir vatn og ofna svo og raflagnir hefur verið endurnýjað.

Mælt er með því að kaupendur kynni sér eignina vel.

Skv. aðalskipulagi, er lóðin á "miðsvæði" og því heimilt skv. skipulagslögum að uppfylltum öðrum skilyrðum sem kaupanda ber að kynna sér, að heimila þar þjónustu ss. gistihús, verslun ofl.

